

Nd.

**556. Breytingartillögur**

[14. mál]

við frv. til 1. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 9. gr. Orðin „Heimild þessi nái aftur til 10. maí 1969“ falli niður.
2. Við 12. gr.
  - a. Í stað „100 krónur“ í a-lið 17. gr. í nýjum kafla laganna komi: 120 krónur.
  - b. Í stað „85 krónur“ í b-lið sömu greinar komi: 100 krónur.
  - c. Í stað 2. og 3. mgr. 17. gr. komi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem hafa ekki lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeilda aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátaстærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en fimm mánuði á ári og eigendur þeirra báta tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Frá 1. janúar 1971 greiðir áhafnadeildin einnig hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður og áhafnarmann. Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer). Þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa ekki lögskráningarskyldu.

Fjárhæðir þær, sem fram koma í a-lið og b-lið 1. mgr. og í 2. og 3. mgr., skulu breytast í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1970.

- d. Aftan við 20. gr. í nýjum kafla laganna bætist:

Með tilvisun til bráðabirgðalaga nr. 74/1970 gildir 16. gr. þó frá 1. júní 1970.

Þá skulu a- og b-liðir 17. gr. gilda frá og með 1. janúar 1971.

3. Við bráðabirgðaákvæði bætast tvær nýjar málsgr., er orðist svo:

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togaraafla.

Enn fremur er stjórn sjóðsins heimilt með samþykki ráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að endurgreiða  $\frac{2}{3}$  hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeilda, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir.